



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Umsögn við tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt aðgengi að viðtalsmeðferð fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur*

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ástrósar Evu Einarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði og velferðarráði að finna leiðir til að bæta aðgengi grunnskólanema að viðtalsmeðferðum innan grunnskólanna í Reykjavík og að tillaga um úrbætur liggi fyrir eigi síðar en haustið 2023.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.

Umsögn:

Betri borg fyrir börn er leið Reykjavíkurborgar til að samræma lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og mennta- og velferðarstefnu borgarinnar. Um er að ræða aukna stigskipta og samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem felur m.a. í sér betra aðgengi að ráðgjöfum miðstöðvanna, s.s. sálfræðingum.

Aukið aðgengi felst m.a. í fastri viðveru ráðgjafa og þátttöku þeirra í lausnarteymum og nemendaverndarráðum grunnskóla borgarinnar. Það er ekki í hlutverki sveitarfélaganna að sinna meðferð, heldur er það hlutverk ríkisins þ.m.t. heilsugæslunnar. Ólíkt skólahjúkrunarfræðingum hafa ráðgjafar ekki heimild til að veita börnum viðtöl nema með samþykki foreldra.

Foreldrar geta óskað eftir viðtali við ráðgjafa miðstöðvanna, sem bjóða upp á 1-3 viðtöl að undangenginni beiðni þar um. Markmið þeirra viðtala er að greina þarfir, veita ráðgjöf og benda á leiðir sem gætu gagnast. Allar miðstöðvar borgarinnar eru einnig með formlegt samráð í gegnum Fjölskylduteymi heilsugæslunnar sem er samráðsvettvangur um heilbrigðis-, skóla- og velferðarþjónustu.